

## REGLUGERÐ

um desemberuppbætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna árið 2019.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um desemberuppbætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fyrir desember 2019.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðarinnar.

2. gr.

*Desemberuppbót.*

Foreldri langveiks eða alvarlega fatlaðs barns sem fær greiðslu í desember 2019 samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna á rétt á desemberuppbót að fjárhæð 59.748 kr. enda hafi foreldrið fengið mánaðarlegar greiðslur allt árið 2019.

Foreldri sem hefur fengið greiðslur skemur en tólf mánuði á árinu 2019 á rétt á hlutfallslegri desemberuppbót skv. 1. mgr. í samræmi við þann tíma sem foreldrið hefur fengið greiðslur á árinu samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Miða skal við 1/12 fyrir hvern mánuð.

Desemberuppbót skv. 2. mgr. skal þó aldrei nema lægri fjárhæð en 14.937 kr.

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 31. gr. laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1072/2018, um desemberuppbætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna árið 2018.

*Félagsmálaráðuneytinu, 28. nóvember 2019.*



**Ásmundur Einar Daðason**  
félags- og barnamálaráðherra



**Gunnhildur Gunnarsdóttir.**